

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð um gripagreiðslur á lögbýlum, nr. 567/2006.

#### 1. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, 5. gr. a., er orðast svo:

#### *Gripagreiðslur á kýr af innfluttum holdakynjum.*

Frá 1. janúar 2007 skulu gripagreiðslur vera tvöfalt hærra vegna árskúa af innfluttum holdakynjum en vegna árskúa sem eru af innlendum stofni. Til að falla í þann flokk þurfa kýr að vera skráðar í MARK sem holdakýr eða holdablendingar (þar sem stofn er tilgreindur) og vera aldar til að fóstura holdakálfa til kjötframleiðslu.

Gripagreiðslur á árskýr af innfluttum holdakynjum eru undanþegnar skerðingarákvæðum vegna bústærðar (fjöldi árskúa á hverju lögbýli) skv. 5. gr.

#### 2. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða komi ný grein, *ákvæði til bráðabirgða II*, er orðast svo:

Þar til skráning í MARK hefur verið endurbætt nægjanlega að mati ráðherra þannig að unnt sé að greiða tvöfaldar gripagreiðslur á holdakýr og holdablendinga skv. 5. gr. og 5. gr. a. skal byggja á upplýsingum úr forðagæsluskýrslum við uppgjör gripagreiðslna til framleiðenda.

Gripagreiðslur fyrir tímabilið 1. janúar 2007 – 31. ágúst 2007 skv. 5. gr. a. skulu greiddar eftir upplýsingum úr vorkoðun búfjárefirlitsmanna 2007.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. febrúar 2008.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*